

Nr. 123

15. júlí 1980

Fitu- og þurrefnismælingar á loðnu.
Sumar- og haustvertíð 1979. Vetrarvertíð 1980.
Skýrsluna í heild má panta í síma 20240.

Fitu- og þurrefnismælingar á loðnu. Sumar-
og haustvertíð 1979. Vetrarvertíð 1980

Áslaug Bergsdóttir
Jóhann Þorsteinsson
Þórhallur Jónasson
Jón Jóhannesson
Emilía Martindóttir

ÚRDRÁTTUR

Eins og áður annaðist Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins fitu- og þurrefnismælingar á aðsendum loðnusýnum á sumar- og haustvertíð 1979 og vetrarvertíð 1980. Á sumar og haustvertíðinni 1979 bárust sýni úr hverjum farmi, en á vetrarvertíð 1980 bárust ekki sýni úr öllum löndunum því oft var landað einvörðungu til frystingar.

Meðalfita á sumar- og haustvertíðinni 1979 var 14.4% og meðalþurrefni 14.9% (staðalfrávik 0.65%). Fitan í upphafi vertíðar var um 11%, hækkaði í um 16% í október, lækkaði síðan aftur og var komin í 15% er veiðum var hætt þann 9. nóv.

Meðalfita á vetrarvertíðinni 1980 var 8.3% og meðalþurrefni 16% (staðalfrávik 0.7%). Í upphafi vertíðar var fitan um 11% og var komin niður í um 3% er veiðum lauk.

Reiknuð voru vegin meðaltöl fitu og þurrefnis í hráefni sem hver verksmiðja tók á móti. Samsvarandi meðaltöl voru reiknuð út fyrir hvert veiðiskip.

EFNISYFIRLIT:

	bls.
1. INNGANGUR	1
2. TILHÖGUN OG FRAMKVÆMD	1
3. NIÐURSTÖÐUR: Sumar- og haustvertíð 1979	1
3.1. Fita og þurrefni á sumar- og haustvertíð 1979, TAFLA 1. Yfirlit um fitu og þurrefnisinnihald á sumar- og haustvertíðum 1976-1979, TAFLA 2. LÍNURIT 1	
3.2. Móttekið hráefni og meðaltal efnagreininga hjá einstökum verksmiðjum. TAFLA 3	
3.3. Yfirlit um aflamagn og efnainnihald einstakra veiðiskipa á sumar- og haustvertíð 1979. TAFLA 4	
4. NIÐURSTÖÐUR: Vetrarvertíð 1980	8
4.1. Fita og þurrefni á vetrarvertíð 1980. TAFLA 5. Yfirlit um fitu- og þurrefnisinnihald á vetrarvertíðum 1977-1980. TAFLA 6. LÍNURIT 2	
4.2. Móttekið hráefni og meðaltal efnagreininga hjá einstökum verksmiðjum. TAFLA 7	
4.3. Yfirlit um aflamagn og efnainnihald einstakra veiðiskipa á vetrarvertíð 1980. TAFLA 8	
5. Mynd af veiðisvæði loðnu á sumar- haust- og vetrarvertíð	10

1. INNGANGUR

Loðnuveiðarnar sumarið 1979 hófust ekki fyrr en 20. ágúst og lauk þann 10. nóvember vegna aflatakmarkana. Heildaraflinn var 442.707 tonn. 51 skip stundaði veiðarnar.

Vetrarvertíðin 1980 hófst 9. janúar og lauk 26. mars. Sýni bárust úr 378.698 tonnum (tilgreint á fylgimiðum með loðnusýnum) en það er lægra en raunverulegt aflamagn því ekki bárust sýni úr hverjum farmi.

2 TILHÖGUN OG FRAMKVÆMD

Samkvæmt ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins önnuðust fulltrúar veiðiskips og verksmíðju sýnatöku eftir fyrirmælum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Sýnataka og efnagreiningar fóru fram á sama hátt og á fyrri vertíðum.

Á sumar- og haustvertíðinni 1979 bárust 806 sýni, 54 sýni voru efnagreind hjá útibúi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins á Ísafirði, 36 hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins í Vestmannaeyjum, 206 hjá útibúinu á Neskaupstað og 510 sýni í Reykjavík.

Á vetrarvertíðinni 1980 bárust alls 747 sýni, 34 voru efnagreind hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins á Ísafirði, 77 hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins í Vestmannaeyjum, 136 hjá útibúinu Neskaupstað og 500 sýni í Reykjavík.

3. NIÐURSTÖÐUR: SUMAR- OG HAUSTVERTÍÐ 1979

3.1. Fita og þurrefni á sumar- og haustvertíð 1979

Í töflu 1 eru vegin meðaltöl fitu og fitufrís þurrefnis. Tafla 2 er yfirlitstafla yfir sumar- og haustvertíðir 1976-1979. Línurit 1 sýnir breytingu í fitu á vertíðinni.

TAFLA 1. Fita og fitufrítt þurrefni á sumar- og haustvertíð 1979

Veiðivika	Fjöldi mælinga	Afli tonn	Meðal fita%	Meðal þurrefni %	Veiðisvæði
20.08-26.08.	61	30.018	11.1	15.1	7,8,12
27.08-02.09.	54	17.467	12.7	14.7	8,15
03.09-09.09.	30	8.863	12.2	14.6	8,12
10.09-16.09.	56	25.397	13.1	14.8	8,9,10
17.09-23.09.	76	50.608	14.4	15.0	8,9,10
24.09-30.09.	84	53.339	14.4	15.2	9,10
01.10-07.10.	80	53.240	14.6	15.1	9,10
08.10-14.10.	99	67.212	15.1	14.8	8,9,10,12
15.10-21.10.	90	55.831	15.5	14.9	8,9,10
22.10-28.10.	73	35.666	15.5	14.8	8,9,10,11
29.10-04.11.	38	8.426	15.7	14.4	9
05.11-09.11.	65	36.640	15.1	14.6	8,9

Heildar vegið meðaltal fitu 14.4% (staðalfrávik 1.6)


Heildar vegið meðaltal þurrefnis 14.9% (staðalfrávik 0.65)

TAFLA 2. Meðalfita og þurrefni loðnu á sumar- og haustvertíð 1976-1979

Ár	Tímabil	Fjöldi mælinga	Meðal fita %	Meðal þurrefni %
1976	04.07.-20.12.	364	14.6	14.8
1977	15.07.-17.12.	710	16.5	14.9
1978	16.07.-15.12.	1024	15.8	14.5
1979	20.08.-09.11.	806	14.4	14.9

LÍNURIT 1: Breytingar á fitu á sumari- og haustvertið 1979.

á



3.2. Mótttekið hráefni og meðaltal efnagreininga hjá einstökum verksmiðjum á sumar- og haustvertíð 1979

Í töflu 3 eru niðurstöður útreikninga á vegnu meðaltali fitu og þurrefnis, sem hver verksmiðja hefur tekið á móti á vertíðinni. Meðalfrávik er reiknað á þann hátt, að hver mæling hjá einstakri verksmiðju er borin saman við dagsmeðaltal sama dags og fundið frávik frá því. Síðan er tekið vegið meðaltal frávikanna. Meðalfrávik getur þannig gefið til kynna, ef sýni hjá einstakri verksmiðju eru að jafnaði mjög frábrugðin öðrum, t.d. ef sýnin innihalda meira vatn lækkar bæði fita og þurrefni. Þetta gæti gefið til kynna mismun í löndunarbúnaði eða mismun í sýnatöku.

3.3. Yfirlit um aflamagn og efnainnihald einstakra veiðiskipa á sumar- og haustvertíð 1979

Tafla 4 er unnin eins og tafla 3 og meðalfrávik fundin á sama hátt fyrir hin einstöku skip og gert var fyrir verksmiðjur.

TAFLA 3. EFNAGREININGAR Á HRÆFNI VERKSMÍÐJA

Verksmiðja	Aflamgn (tonn)	Fjöldi mælinga	Meðal- fita %	Meðal- frávik	Meðal- purrefni %	Meðal- frávik	Samtals meðalfrávik
Akranes	22.735	42	13.8	-0.2	14.7	-0.2	-0.4
Akureyri	25.897	72	14.7	0.3	14.7	-0.2	0.1
Bolungarvík	21.010	54	13.9	0.1	14.7	-0.1	0.0
Djúpivogur	667	1	15.4	-0.5	15.1	0.2	-0.3
Eskifjörður	22.875	35	14.9	-0.1	15.4	0.4	0.3
Fáskrúðsfjörður	5.800	10	15.5	0.3	15.3	0.3	0.6
Grindavík	11.271	22	13.7	-0.3	15.1	0.2	-0.1
Hafnarfjörður	13.231	23	13.9	-0.6	14.4	-0.5	-1.1
Neskaupstaður	30.381	52	15.1	0.3	15.5	0.5	0.8
Raufarhöfn	40.155	74	14.4	0.1	14.9	-0.1	0.0
Reyðarfjörður	17.877	24	15.6	0.4	15.4	0.4	0.8
Reykjavík S+F	26.933	42	14.2	-0.1	14.7	-0.2	-0.3
Sandgerði	8.657	18	14.0	-0.1	14.2	-0.7	-0.8
Seyðisfjörður S.R.	38.212	57	15.1	0.3	15.3	0.3	0.6
Seyðisfjörður Ísb.	17.269	28	15.3	0.2	15.5	0.5	0.7
Siglufjörður	86.656	179	13.7	-0.5	14.6	-0.2	-0.7
Vestmannaeyjar FES	11.256	11	14.4	0.2	14.7	-0.2	0.0
Vestmannaeyjar FIVE	17.474	25	14.8	0.7	14.7	-0.3	0.4
Vopnafjörður	7.950	13	16.1	0.7	14.7	-0.1	0.6
Þorlákshöfn	10.155	12	13.6	-0.2	15.3	0.3	0.1
Patreksfjörður	4.051	8	14.8	0.1	14.3	-0.6	-0.5
Valfóður h.f.	2.195	4	15.0	0.8	14.8	-0.2	0.6

TAFLA 4. EFNAGREININGAR Á HRAEFNI LODNUSKIPA

Loðnuskip	Aflamagn tonn	Fjöldi mælinga	Meðal- fita %	Meðal- frávik	Meðal þurrefni%	Meðal- frávik	Samtals frávik
Albert GK 31	10.345	20	13.9	-0.3	15.1	0.2	-0.1
Arnarnes HF 52	7.346	16	14.0	-0.4	14.6	-0.4	-0.8
Ársæll KE 77	1.700	4	15.0	0.2	14.8	0.0	0.2
Bjarni Ólafsson AK 70	15.055	18	14.6	-0.1	15.2	0.3	0.2
Börkur NK 122	15.124	18	14.7	0.1	15.1	0.2	0.3
Dagfari ÞH 70	6.470	15	14.7	0.0	14.5	-0.4	-0.4
Eldborg HF 13	10.743	10	14.8	0.1	15.0	0.0	0.1
Faxi GK 44	3.624	15	13.8	-0.8	14.7	-0.3	-1.1
Fífill GK 54	7.614	15	14.9	0.0	15.1	0.2	0.2
Gísli Árni RE 375	9.767	19	14.4	0.2	15.0	0.1	0.3
Grindvíkingur GK 606	12.149	14	14.2	-0.1	14.9	0.1	0.0
Guðmundur RE 29	10.356	15	14.2	-0.4	14.9	-0.1	-0.5
Gullberg VE 292	8.795	19	14.4	0.0	15.0	0.1	0.1
Hákon ÞH 250	9.688	15	14.3	0.1	14.8	-0.1	0.0
Helga II RE 373	7.278	19	13.6	-0.4	14.6	-0.3	-0.7
Helga Guðmundsdóttir BA 77	8.843	15	14.2	-0.3	14.5	-0.5	-0.8
Hilmir SU 171	9.581	21	14.5	0.5	15.1	0.2	0.7
Óli Óskars RE 175	17.010	17	14.6	0.0	15.2	0.3	0.3
Hrafn GK 12	7.803	17	14.1	-0.1	14.5	-0.3	-0.4
Huginn VE 55	7.167	18	14.5	0.1	14.8	-0.1	0.0
Húnaröst AR 150	8.165	16	14.5	0.0	14.7	-0.2	-0.2
Ísleifur VE 63	7.120	19	14.2	-0.1	14.6	-0.2	-0.3
Jón Finnsson GK 506	8.630	18	14.6	0.3	15.2	0.2	0.5
Kap II VE 4	8.344	17	14.7	0.3	14.9	0.0	0.3
Keflvíkingur KE 100	7.974	17	14.9	0.6	14.9	0.1	0.7
Loftur Baldvinsson EA 24	9.154	15	14.8	-0.1	14.7	-0.2	-0.3
Magnús NK 72	7.381	17	14.8	0.2	15.0	0.1	0.3
Náttfari ÞH 60	7.953	18	13.6	-0.6	14.9	0.1	-0.5
Óskar Halldórsson RE 157	7.399	20	14.1	-0.2	15.1	0.2	0.0
Pétur Jónsson RE 69	11.200	20	14.4	0.1	14.9	0.0	0.1
Rauðsey AK 14	1.099	3	15.6	0.4	14.7	-0.1	0.3

TAFLA 4. EFNAGREININGAR Á HRÁEFNI LOÐNUSKIPA

Loðnuskip	Aflamagn * tonn	Fjöldi mælinga	Meðal- fita %	Meðal- frávik	Meðal- þurrefni%	Meðal- frávik	Samtals frávik
Sigurður RE 4	17.585	20	14.7	0.3	15.1	0.2	0.5
Skarðsvík SH 205	10.007	20	13.8	-0.4	14.8	0.0	-0.4
Skírniir AK 16	6.468	16	14.8	0.0	14.8	-0.2	-0.2
Stapavík SI 4	3.327	9	14.4	-0.6	14.7	-0.1	-0.7
Súlan EA 300	11.975	20	14.7	0.2	14.9	-0.1	0.1
Svanur RE 45	7.702	15	13.9	-0.3	15.1	0.1	-0.2
Sæberg SU 9	6.024	12	14.7	-0.3	14.8	-0.1	-0.4
Sæbjörg VE 56	8.455	19	13.9	-0.4	14.8	-0.2	-0.6
Víkingur AK 100	12.555	13	14.6	0.3	14.5	-0.4	-0.1
Þórður Jónasson EA 350	4.318	10	15.3	0.2	14.9	0.0	0.2
Örn KE 13	11.306	23	14.5	0.5	15.1	0.2	0.7
Harpa RE 342	8.825	17	13.8	-0.1	14.5	-0.4	-0.5
Ljósfari RE 102	8.238	18	14.3	-0.2	14.9	0.0	-0.2
Bergur VE 44	5.196	14	14.6	0.2	15.0	0.1	0.3
Þórshamar GK 75	7.908	17	14.2	0.1	14.8	0.0	0.1
Jón Kjartansson SU 111	10.453	12	14.6	0.1	15.2	0.2	0.3
Seley SU 10	4.987	13	15.2	0.1	14.7	-0.2	-0.1
Hafrún IS 400	7.055	13	14.8	0.1	14.7	-0.1	0.0
Júpiter RE 161	11.104	12	14.7	0.0	15.0	0.1	0.1
Sigurfari AK 95	8.342	13	14.6	-0.1	15.0	0.0	-0.1

4. NIÐURSTÖÐUR: VETRARVERTÍÐ 1980

4.1. Fita og þurrefni á vetrarvertíð 1980

Í töflu 5 eru vegin vikumeðaltöl fitu og fitufrís þurrefnis. Tafla 6 er yfirlitstafla yfir vetrarvertíðar 1977-1980. Línurit 2 sýnir breytingar á fitu.

TAFLA 5. Fita og fitufrítt þurrefni á vetrarvertíð 1980

Veiðivika	Fjöldi mælinga	Afli tonn	Meðal fita%	Meðal þurrefni%	Veiðisvæði
09.01.-13.01.	59	28.088	11.2	15.3	7,8
14.01.-20.01.	72	38.434	11.2	15.3	7,8
21.01.-27.01.	83	46.372	10.0	16.0	7,8,9
28.01.-03.02.	108	66.960	9.9	16.0	8,9,10
04.02.-10.02.	68	40.957	9.1	16.2	9,10
11.02.-17.02.	105	66.968	7.7	16.2	10,11,12,13
18.02.-24.02.	8	1.828	7.3	16.5	6,13
25.02.-02.03.	48	10.903	5.2	16.9	5,6,14
03.03.-09.03.	102	36.434	4.5	16.1	2,3,5
10.03.-16.03.	77	32.841	3.4	15.8	3,4,5,6
17.03.-23.03.	17	8.913	2.8	15.7	4,5


Heildar vegið meðaltal fitu 8.27% (staðalfrávik 2.75%)

Heildar vegið meðaltal þurrefnis 15.96% (staðalfrávik 0.71%)

TAFLA 6. Yfirlitstafla yfir vetrarvertíðir 1977-1980

Ár	Fjöldi mælinga	Afli tonn	Meðal- fita %	Meðal- þurrefni %
1977	1.668	534.603	8.12	15.93
1978	1.353	467.755	7.13	16.30
1979	1.064	483.443	8.16	16.04
1980	747	378.698	8.27	15.96

LÍNURIT 2: Breytingar á fitu á vetrarvertíð 1980



4.2. Mótttekið hráefni og meðaltal efnagreininga hjá einstökum verksmiðjum á vetrarvertíðinni 1980


Í töflu 7 eru niðurstöður útreikninga á vegnu meðaltali fitu og þurrefnis, sem hver verksmiðja hefur tekið á móti. Meðalfrávik eins og áður.

4.3. Yfirlit um aflamagn og efnainnihald einstakra veiðiskipa á vetrarvertíð 1980. TAFLA 8

Tafla 8 er unnin eins og tafla 7 og meðalfrávik fundin á sama hátt fyrir hin einstöku skip og gert var fyrir verksmiðjurnar.

5. VEIÐISVÆÐI LÖÐNU

Íslandskort, sem sýnir svæðaskiftingu Tilkynningaskyldunnar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.



TAFLA 7. EFNAGREININGAR Á HRÁEFNI VERKSMÍÐJA

Verksmiðja	Aflamagn tonn	Fjöldi mælinga	Meðal- fita %	Meðal- frávik	Meðal- þurrefni%	Meðal- frávik	Samtals meðalfrávik
Akranes	26.994	43	8.3	0.0	15.4	-0.4	-0.4
Akureyri	14.012	35	10.0	0.4	15.7	-0.1	0.3
Bolungarvík	15.963	34	8.9	-0.5	15.9	0.1	-0.4
Eskifjörður	18.721	24	7.7	-0.1	16.3	0.1	0.0
Fáskrúðsfjörður	3.507	4	8.7	0.5	16.2	-0.1	0.4
Grindavík	12.531	34	6.3	-0.4	15.9	-0.1	-0.5
Hafnarfjörður	16.428	42	7.9	-0.2	15.8	-0.1	-0.3
Keflavík	10.210	37	5.1	0.2	16.3	0.1	0.3
Neskaupstaður	27.871	37	8.8	0.3	16.2	0.1	0.4
Raufarhöfn	24.305	45	9.3	-0.2	16.5	0.3	0.1
Reyðarfjörður	4.417	5	8.5	0.2	16.4	0.1	0.3
Reykjavík S+F	26.370	67	7.2	-0.4	16.3	0.4	0.0
Sandgerði	8.898	25	6.1	-0.1	16.1	0.2	0.1
Seyðisfjörður S.R.	26.234	40	9.5	0.1	16.3	0.1	0.2
Seyðisfjörður ISB.	11.401	19	9.6	0.3	16.2	0.0	0.3
Siglufjörður	58.324	123	10.1	-0.1	15.7	0.0	-0.1
Stöðvarfjörður	612	1	8.5	0.1	17.5	1.1	1.2
Vestmannaeyjar FES	16.336	25	5.7	0.3	15.5	-0.3	0.0
Vestmannaeyjar FIVE	24.556	52	5.5	0.3	15.6	-0.5	-0.2
Vopnafjörður	14.068	25	10.1	0.3	16.1	0.0	0.3
Þorlákshöfn	11.443	19	6.0	0.1	16.1	0.3	0.4
Patreksfjörður	3.022	6	9.3	-0.3	15.5	-0.4	-0.7
Valfóður h.f.	2.475	5	9.3	0.0	16.0	-0.2	-0.2

TAFLA 8. EFNAGREININGAR Á HRÁEFNI LÖÐNUSKIPA

Loðnuskip	Aflamagn tonn	Fjöldi mælinga	Meðal- fita %	Meðal- frávik	Meðal- purrefni%	Meðal- frávik	Samtals frávik
Albert GK 31	7.286	15	7.6	-0.3	16.3	0.2	-0.1
Arnarnes HF 52	3.664	8	8.9	-0.6	15.9	0.0	-0.6
Ársæll KE 77	5.187	19	7.5	0.0	15.8	0.0	0.0
Bjarni Ólafsson AK 70	12.511	15	8.4	0.0	15.7	-0.2	-0.2
Börkur NK 122	10.694	12	8.0	0.0	16.1	0.1	0.1
Dagfari ÞH 70	6.060	18	7.3	-0.5	16.1	-0.1	-0.6
Eldborg HF 13	11.131	10	7.3	-0.5	15.6	-0.3	-0.8
Faxi GK 44	2.210	12	8.7	-0.5	16.2	0.3	-0.2
Fífill GK 54	8.535	19	7.9	-0.2	16.1	0.1	-0.1
Gísli Árni RE 375	6.747	15	8.1	0.0	16.0	0.0	0.0
Grindvíkingur GK 606	10.905	19	8.2	0.1	15.6	-0.4	-0.3
Guðmundur RE 29	9.960	13	8.0	0.2	16.1	0.2	0.4
Gullberg VE 292	9.021	18	8.5	0.2	15.9	-0.1	0.1
Hákon ÞH 250	9.619	16	8.5	0.1	15.9	0.1	0.2
Helga II RE 373	7.001	20	7.6	-0.2	16.2	0.3	0.1
Helga Guðmundsdóttir BA 77	4.059	8	9.2	-0.1	15.8	-0.1	-0.2
Hilmir II SU 177	7.633	20	7.5	-0.2	16.1	0.0	-0.2
Óli Óskars RE 175	10.642	13	8.6	0.5	15.8	-0.2	0.3
Hrafn GK 12	7.509	15	9.4	-0.2	16.2	0.3	0.1
Huginn VE 55	6.306	16	7.4	0.1	15.9	-0.1	0.0
Húnaröst AR 150	5.746	11	9.1	-0.1	16.3	0.2	0.1
Ísleifur VE 63	5.939	15	9.6	0.3	15.7	-0.2	0.1
Jón Finnsson GK 506	8.376	17	8.1	0.3	15.9	-0.1	0.2
Kap II VE 4	8.033	17	8.1	0.0	15.8	-0.2	-0.2
Keflvíkingur KE 100	4.673	15	9.4	0.1	15.9	-0.1	0.0
Magnús NK 72	7.492	17	7.5	0.1	16.1	0.2	0.3
Náttfari ÞH 60	5.191	11	10.0	0.1	16.1	0.3	0.4
Óskar Halldórsson RE 157	6.675	20	7.1	-0.3	16.1	0.2	-0.1
Pétur Jónsson RE 69	8.291	14	10.2	0.3	16.0	0.1	0.4
Rauðsey AK 14	4.015	8	9.5	0.0	16.1	0.1	0.1
Sigurður RE 4	13.633	14	8.5	-0.1	15.9	0.0	-0.1
Skarðsvík SH 205	4.632	9	9.2	-0.4	15.9	0.0	-0.4

TAFLA 8 EFNAGREININGAR Á HRÁEFTNI LOÐNUSKIPA

Loðnuskip	Aflamagn fjöldi	Fjöldi mælinga	Meðal- fita %	Meðal- frávik	Meðal- burrefni%	Meðal- frávik	Samtals frávik
Skírnir AK 16	4.504	13	9.8	0.0	16.0	0.1	0.1
Stapavík SI 4	2.675	9	7.3	-0.3	16.1	-0.1	-0.4
Súlan EA 300	8.748	17	8.3	0.3	16.1	0.1	0.4
Svanur RE 45	5.982	16	7.2	-0.1	16.1	0.0	-0.1
Sæbjörg VE 56	5.757	13	8.6	-0.4	16.2	0.1	-0.3
Víkingur AK 100	12.244	13	8.4	0.1	15.7	-0.3	-0.2
Þórður Jónasson EA 350	5.746	14	8.9	-0.1	16.1	0.1	0.0
Örn KE 13	8.149	20	8.7	0.5	16.0	-0.1	0.4
Harpa RE 342	4.969	11	9.9	0.6	16.0	0.0	0.6
Ljósfari RE 102	5.067	15	8.8	-0.2	15.9	0.0	-0.2
Bergur VE 44	3.991	10	8.6	-0.1	16.0	-0.1	-0.2
Þórshamar GK 75	7.498	19	8.3	-0.3	15.7	-0.2	-0.5
Gígja RE 340	8.161	14	7.7	0.2	16.3	0.4	0.6
Jón Kjartansson SU 111	8.943	12	7.7	0.1	16.0	0.0	0.1
Seley SU 10	6.251	18	7.0	0.1	15.9	-0.1	0.0
Hafrún IS 400	8.306	17	7.7	0.0	16.0	0.0	0.0
Júpiter RE 161	13.043	13	8.2	-0.2	16.2	0.2	0.0
Sigurfari AK 95	7.436	11	8.6	0.1	16.2	0.1	0.2
Haförn RE 14	8.176	18	8.4	0.1	15.9	-0.1	0.0
Hilmir SU 171	3.676	5	5.3	0.2	15.8	-0.3	-0.1

6. LOKAORÐ

Það sem var mest áberandi við sumar- og haustvertíðina 1979 var meiri dreifing á meðalfrávikum verksmiðja en áður hefur sést. Af 22 verksmiðjum voru 9 með meðalfrávik innan við $\pm 0.3\%$, 9 verksmiðjur voru með meðalfrávik á milli $+0.3\%$ og $+0.8\%$, 4 verksmiðjur voru með meðalfrávik á milli -0.3% og -1.1% .

Þessi munur milli verksmiðjanna varð til þess að mjög bar á óánægju loðnuseljenda á vertíðinni. Skipverjar tóku oft sýni um borð í veiðiskipum og sendu til efnagreininga. Þessi sýni komu flest öll betur út fyrir seljendur. Hins vegar var ekki vitað á hvaða hátt sýnin voru tekin.

Reglur um sýnatöku eru samningsatriði milli kaupenda og seljenda og ætlast er til að fulltrúar beggja annist sýnatöku í sameiningu. Því miður virðist sýnatakan oft alfarið í höndum verksmiðja og sumar skipshafnir ekkert skipta sér af henni. Eykur þetta mjög á tortryggni og óánægju með seljendum og kaupendum. Þegar frávik einstakra verksmiðja eða skipa eru mjög mikil er full ástæða fyrir þá sem standa að sýnatökunni að aðgæta löndunarbúnað og sýnatökuaðferð. Af skipum voru 73% með meðalfrávik innan við $\pm 0.45\%$ og 94% með meðalfrávik innan við $\pm 0.75\%$. Dreifing meðalfrávika skipanna var mjög svipuð og undanfarnar vertíðar.

Á vetrarvertíðinni 1980 voru 15 af 22 verksmiðjum með meðalfrávik innan við $\pm 0.3\%$, 3 með meðalfrávik $+0.4\%$ og 4 verksmiðjur með meðalfrávik milli -0.3% og -0.7% . Þetta er meiri dreifing á meðalfrávikum en var á vetrarvertíðinni 1978 og 1979. Aftur á móti var dreifing meðalfrávika skipanna minni en undanfarnar tvær vertíðar; 88,5% af skipunum innan við $\pm 0.45\%$ 100% af skipunum innan við $\pm 0.80\%$.